

Sp. 148. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um varnir gegn landspjöllum af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvað tiltækilegast sé að gera til að hindra frekari landspjöll af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

Greinargerð.

Dyrhólaós hefur útfall austan við Dyrhólaey. Þegar sandi kastar í útfallið, sem oft kemur fyrir, teppist það alveg. Vex ósinn þá mjög, því að ár renna í hann, og í stórbrimi flæðir sjór inn yfir fjöruna, einkum austan megin Dyrhólaeyjar, og inn í ósinn. Verður ósinn þá það mikill, að hann flæðir yfir geysistört landsvæði, leirur og engjalönd. Ber hann að sjálfsgöðu sand og mól á engjar, brýtur land og veldur stórfelldri eyðileggingu. Engjalönd að ósnum munu eiga 25—30 býli eða flestallir bæir í Reynishverfi, Dalabæir, Dyrhólahverfi og fleiri. Öll þessi býli verða fyrir meiri og minni búsifjum af völdum óssins.

Þá er þess að geta, að nokkur sandgræðsla er hafin sunnan Dyrhólahverfis vestur með sjónum allt að útfalli Klifandaár. Mega líkur teljast fyrir því, að uppgræðsla þessa landflæmis takist ekki, nema unnt sé að hemja Dyrhólaós, sem getur gengið yfir þetta land og valdið þar verulegu tjóni.

Augljóst er, að auðvelt muni verða að græða á skömmum tíma hundruð hektara lands á öllu þessu svæði, sem nú er leirur og sandar. Til þess að svo megi verða, þarf fyrst að ganga þannig frá ósnum, að hann hafi jafnt og stöðugt rennsli í sjó fram. Jafnframt yrði þá sandfoks- og uppblásturshættunni bægt frá.

Á Alþingi hinn 24. febr. 1954 var samþykkt þingsályktunartillaga, sem gekk í sömu átt og þessi, sem nú er fram borin. En þar sem ekki er vitað, að hún hafi leitt til raunhæfrar rannsóknar á vandamáli þessu, sem brýn þörf er að leysa úr, þótti okkur flm. rétt að herða á því, að til úrslita dragi um fullkomna rannsókn án frekari undandrátta.